

Fjallabyggð.
Gránugötu 24
580 Siglufirði

Garðabær, 28. september 2023
Málsnúmer: 202308-0009/10
SS

Efni: Umsögn um breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulag fyrir kirkjugarð við Saurbæjarás í Siglufirði.

Vísað er í erindi frá Fjallabyggð sem bárust í gegnum Skipulagsgátt þann 11. ágúst 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2022-2032 og nýju deiliskipulagi fyrir kirkjugarð við Saurbæjarás í Siglufirði. Þar sem erindin eru nátengd er skilað einni umsögn.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu fyrir deiliskipulagið þann 12. apríl 2023. Þar kom m.a. fram að um töluverða stækkun á kirkjugarðinum væri að ræða og á svæði sem væri að stærstum hluta óraskað í dag. Ríkjandi vistgerðir væru gróskumiklar og metnar með hátt eða mjög hátt verndargildi og væru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem beri að vernda. Taka þyrfti tillit til verndargildis vistgerða við mat á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins. Einnig var bent á að hluti svæðisins væri enn votlendur þó gerð hefði verið tilraun til að ræsa fram hluta þess. Einnig var bent á útbreiðslu alaskalúpínu á svæðinu og að lokum að vert væri að kanna betur áhrif skipulagsins á varp mófugla en lítið væri vitað um það. Þessar ábendingar eiga enn við og ekki virðist hafa verið lagt mat á áhrif skipulagsins á fuglalíf. Skipulagsvæðið er ekki mjög stórt þannig að rask á varplöndum mófugla verður tæplega mikið en aukin umferð fólks á svæðinu með stækkuninni getur einnig haft fælandi áhrif á sumar fuglategundir.

Samkvæmt deiliskipulaginu á að hlífa gróðri um sinn austast á skipulagsreitnum en einnig verður trjágróðri plantað sem skjólbelti. Lagt er til að notast sé við trjátegundir sem vaxa vel með náttúrulegum gróðri og mynda ekki of mikið skuggavarp. Huga skal að því við framkvæmdir að flutningur á jarðefni út af svæðinu geti aukið útbreiðslu lúpínu inn á ný svæði.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagið eða aðalskipulagsbreytinguna.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

